

127. löggjafarþing 2001–2002.
Þskj. 986 — 626. mál.

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um vaxtamun og þjónustutekjur bankanna.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið vaxtamunur helstu viðskiptabanka á árunum 1997–2001, að báðum árum meðtöldum, reiknaður á núgildandi verðlagi?
2. Hver hefur þessi vaxtamunur verið sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum bankanna?
3. Hverjar hafa verið tekjur bankanna af þjónustugjöldum á þessu tímabili, reiknaðar á núgildandi verðlagi, og hvert hefur verið hlutfall þeirra af hreinum rekstrartekjum bankanna?

Skriflegt svar óskast.